

Sannreynd þekking, félagsþjónusta og stefnumótun (Evidence and Policy)

Málþingaröð NORFACE

Kynning

Vorið 2007 sendu fimm lönd sameiginlega umsókn til *Norface Seminar Series competition 2007*. Framkvæðið átti CRFR, *Center for Research on Families and Relationships*, við háskólann í Edinborg og sá rannsóknastjórnandinn Sarah Morton, MSc. um umsóknaferlið í samvinnu við dr. Sandra Nutley prófessor í stjórnun og opinberri stjórnsýslu við háskólann í Edinborg. Meðumsækjendur frá hinum fjórum löndunum og sem standa að verkefninu eru:

Holland, Dr Marleen Bekker, sérfræðingur í heilbrigðistefnu og stjórnun, Erasmus MC, Rotterdam,
Írland, Dr Anne Macfarlane, lektor í heilsuvernd við háskólann í Galway,
Ísland, Dr Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf, Háskóla Íslands,
Noregur, Dr Terje Ogden, prófessor í sálfræði við Háskólann í Osló.

Hvað er NORFACE?

- samvinna
- miðlun
- efla og þróa rannsóknir

NORFACE er samstarf rannsóknaráða tólf landa um að auka samstarf um rannsóknir og rannsóknastefnu í Evrópu á sviði félagsvísinda. Þau eru Bretland, Danmörk, Eistland, Finnland, Ísland, Írland, Holland, Noregur, Portúgal, Slóvenía, Svíþjóð og Þýskaland. Meginmarkmiðin eru

- að bæta samvinnu milli landa á sviðum sem þau búa yfir sérþekkingu á
- að efla ný rannsóknasvið og þróa vaxtarsprotu í krafti Norface-samstarfs
- að ná til ungra rannsakenda og skapa þeim tækifæri til rannsóknasamstarfs milli landa

Hugmyndafræði

- Samspil þjónustu,
- rannsókna og
- stefnumótunar

NORFACE aðildarlöndin beita sér fyrir því að efla samskipti, deila reynslu og koma á samstarfi þverfaglegs hóps sérfræðinga um rannsóknastefnu og rannsóknavirkni á nýjum brautum. Eitt slíkt dæmi er samkeppnisverkefnið *NORFACE seminar series competition* um þemað Stefnumótun og sannreynd þekking. **Byggt er á þeirri þekkingarsýn að gæði og áhrif félagsþjónustu og stefnumótunar grundvallist á traustum niðurstöðum félagsvísinda og að þjónusta á vettvangi, rannsóknir og stefnumótun þurfi að haldast þétt í hendur í gagnkvæmu flæði.**

Framkvæmd

Verkefnið er framkvæmt í formi fjögurra málþinga yfir tveggja ára tímabil. Þau eru:

1. **Tegundir þekkingar** - fyrir sannreynda stefnumótun. Haldið í Edinborg, nóvember 2007
2. **Áhrif og staða** - sannreyndrar stefnumótunar á félagsvísindin og öfugt. Rotterdam, mars 2008
3. **Efling notkunar** – sannreyndrar þekkingar í stefnumótunarferlinu. Oslo, október 2008
4. **Niðurstöður og mat** á þörf sannreyndrar þekkingar. Írland, mars 2009

Styrkþegarnir velja út fjóra þátttakendur frá sínu landi sem sækja öll málþingin en fleiri geta bæst í hópinn á kostnað vinnuveitenda síns.

Fastir þátttakendur frá Íslandi eru ásamt Dr. Sigrúnu Júlíusdóttur:

Erla Björg Sigurðardóttir, MA, stundakennari í félagsráðgjöf Háskóla Íslands
Halldór Sig. Guðmundsson MA, stundakennari í félagsráðgjöf Háskóla Íslands,
Jóhanna Rósa, MA, forstöðumaður RBF (*Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd*), félagsráðgjöf HÍ.

Auk þeirra hefur Sigríður Jónsdóttir, MA, skrifstofustjóri rannsókna- og þróunarsviðs sótt málþingin á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Samtals sækja málþingin um 40 þátttakendur og aðfengnir fyrirlesarar og er allur útlagður kostnaður greiddur af NORFACE-styrknum sem nemur um 80.000 Evrum.

Nánari upplýsingar

Um NORFACE má lesa nánar á vefsíðu Norface:

www.norface.org og <http://www.crfr.ac.uk/norface/index.html>